



203. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 24. apríl 2019 kl. 09:30.

Mætt: Elín Einarsdóttir (var fjarverandi), Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jón G. Valgeirsson, Jóna S. Sigurbjartsdóttir, Kristín Traustadóttir, Kristjana Hrund Bárðardóttir (fulltrúi kennara), Pia Rita Simone Schmauder (fulltrúi foreldra) var fjarverandi, Sigursveinn Már Sigurðsson, Sólmundur Sigurðarson (fulltrúi nemenda) og Þórarinn Ingólfsson.

Ingvar Pétur formaður skólanefndar setti fundinn kl. 09:40

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 202 fundar var samþykkt án athugasemda og undirrituð af fundarmönnum.

2. Fréttir af skólastarfinu – SMS

Sigursveinn skólameistari sagði frá því helsta sem hefur verið að gerast í skólanum meðal annars sagði hann frá opnu húsi (tengsl við áfangameessuna). Hann sagði einnig frá kynningu á skólanum sem hefur verið í höndum náms- og starfsráðgjafa. Rætt var um kynningu á skólanum og hvort ástæða væri til að taka þátt í kynningu sem haldin er í Reykjavík þar sem framhaldsskólar landsins taka þátt. Skólanefndarmenn eru á því að FSu ætti að leggja meiri áherslu á að kynna skólann á okkar svæði. Starfamessa var haldin 10. apríl. Brautskráning verður í skólanum 25. maí og stefna 112 nemendur að því að ljúka á þessum tíma. Lokapróf fara fram vikuna 13. 17. maí. Fram kom í máli skólameistara að lokaprófum hefur fækkað frá því sem áður var.

3. Námsframboð á næstu önn – breytingar og nýjungar – SMS

Núna hafa 555 nemendur staðfest val fyrir haustönn 2019 þ.e. um er að ræða þá nemendur sem eru núna í skólanum. Væntanlegir nýnemar eru nálægt 200. Á þessum tímapunkti hafa 188 sótt um FSu sem fyrsta val og 66 hafa sett FSu sem annað val. Skólameistari sagði frá aðsókn í verknámið og kom fram í máli hans að aðsókn er góð sérstaklega í rafmagnið. Sigursveinn fór einnig yfir hvernig val nýnema deilist á brautir. Aðsókn í akademíur stefnir í að verða mjög góð á næstu haustönn.

4. Starfsmannamál – ráðningar, kennarar sem hætta - SMS

Tveir kennarar skólans hafa fengið launað leyfi á næsta skólaári. Þeir þrír einstaklingar sem hafa verið í leyfi koma aftur í haust. Óljóst er hve marga kennara vantar næsta haust en það er í skoðun. Verkefnastjórnun (sviðsstjórn, kennslustjórn og fagstjórn) verður auglýst í vor þar sem ráðningartími viðkomandi er runninn út. Verið er að skoða með ráðningu einstaklings til þess að hugsa um íslensku fyrir útlendinga.



5. Kosningar til nemendaráðs – Sólmundur

Sólmundur sagði frá kosningum til nemendaráðs. Umsjón var í höndum félagsfræðihóps. Ekki var mikið um framboð og aðeins var kosið til tveggja embætta hitt var sjálfkjörið. Kynjahlutfall er gott í stjórn nemendafélagsins. Framundan er lokaball hjá NFSu og verður það 2. maí. Staða nemendafélagsins er góð.

6. Önnur mál

- a. Engin önnur mál

Næsti fundur er fyrirhugaður miðvikudaginn 11. sept. kl. 09:30

Fundi slitið kl. 10:50
Fundarritari,
Þórarinn Ingólfsson